


XXIV. landsþing

Sambands íslenskra sveitarfélaga



Nýtt umhverfi – Ný úrlausnarefni – Ný tækifæri


NIÐURSTÖÐUR UMRÆÐUHÓPA

Hópur 4

FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGA, VERKEFNATILFLUTNINGUR OG FJÁRMÁLALEG SAMSKIPTI VIÐ RÍKIÐ

Umræðustjóri: Svanfríður I. Jónasdóttir

Ritari: Gunnlaugur A. Júlíusson



Umræður í hópi 4

- Fjármálareglur
 - Skuldaviðmið
- Hagstjórnarsamningur
- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
- Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga
- Arðgreiðslur
- Yfirfærsla á málefnum fatlaðra



Fjármálareglur

- Mikil umræða um fjármálareglur og almennt gerður góður rómur að meginmarkmiðum skýrslunnar
- Nauðsynlegt að styrkja fjármálareglur sveitarfélaga
- Ábendingar komu fram m.a. um eftirfarandi atriði
 - Á að nota brúttóskuldir eða taka tillit til peningalegra eigna
 - Horfa líka á framlegð sveitarfélaganna
 - Taka tillit til lífeyrisskuldbindinga en leggja þær ekki til jafns við vaxtaberandi skuldir
 - Hvernig verður farið með samstarf ríkis og sveitarfélaga þegar sveitarfélag er að taka að sér verkefni ríkisins?
 - Gerður er greinarmunur á OR og orkufyrirtækjum annarra sveitarfélaga? Hvers vegna?



Hagstjórnarsamningur

- Ef gerðar eru auknar kröfur um öguð vinnubrögð hjá sveitarfélögum verður að gera sömu kröfur til ríkisins
- Virkt kostnaðarmat er forsenda fjármálareglna
- Hver á að móta áherslur í almennri hagstjórn; ríkið, eða ríkið og sveitarfélögin?
- Eftirlitsnefnd sveitarfélaga þarf að vanda betur vinnubrögð sín
- Aukið hlutverk eftirlitsnefndar
 - Getur eftirlitsnefndin breyst úr nefnd í stofnun?
 - Hvert verður hlutverk endurskoðenda við breyttar aðstæður?



Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

- Hlutverk Jöfnunarsjóðsins er mikið á krepputímum
- Fjármögnun sjóðsins ýkir sveiflur í afkomu sveitarfélaga
- Hlutverk Jöfnunarsjóðsins eykst verulega við yfirfærslu á málefnum fatlaðra
- Getur komið upp ágreiningur um dreifingu fjármuna úr sjóðnum vegna málefna fatlaðra?



Yfirfærsla á málefnum fatlaðra

- Mikill stuðningur við að ljúka yfirfærslunni formlega um áramótin
- Ýmis sóknarfæri og samlegðaráhrif eru fyrir hendi
- Fram komu ákveðin varnaðarorð er varða fjármögnun verkefnisins og samskipti við ríkið
- Skýrsla Ríkisendurskoðunar áfellingdómur yfir framkvæmd ríkisins á málefnum fatlaðra
- Mismunandi skoðanir á hvort eigi að flytja fleiri verkefni yfir og hve hratt það eigi að gerast
- Fulltrúar Akureyrar og Hornafjarðar lýstu jákvæðri reynslu



Annað sem rætt var um

- Rætt um hvernig verði staðið að endurskoðun á yfirfærslunni árið 2014
- Almenn andstaða við það ákvæði að banna arðgreiðslur B fyrirtækja
- Erfiðleikar á endurgreiðslu VSK af skólahúsnæði
- Erfitt að endurfjármagna erlend lán vegna stöðunnar
- Staða og efling sveitarfélaga

